

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/690/EB frá 12. október 2006 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs í kristalglari, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/691/EB frá 12. október 2006 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs og kadmíums, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/692/EB frá 12. október 2006 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun sexgilds króms, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32006 D 0690:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/690/EB frá 12. október 2006 (Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 47),
- **32006 D 0691:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/691/EB frá 12. október 2006 (Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 48),
- **32006 D 0692:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/692/EB frá 12. október 2006 (Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 50).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 48.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 50.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2006/690/EB, 2006/691/EB og 2006/692/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.